# TRYGGINGARBRÉF

Veð í fasteign

**Númer 0123 63 007646**

| Útgefandi: | Kennitala |
|---|---|
| Stúdentagarðar Háskólas V hses. | 511022-0880 |
| Suðurgötu 12<br>400 Ísafirði | |

Tryggingarbréfið er óverðtryggt
Til tryggingar á sérgreindri skuld/-um

Gerir kunnugt:

Að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á eftirtöldum skuldum/fjárskuldbindingum mínum/okkar við Landsbankann hf. kt. 471008-0280,

| Tilgreinið nákvæmlega um hvaða skuldir er að ræða |
|---|
| Viðskiptasamningur upphaflega að fjárhæð kr. 670.000.000, undirritaður í janúar 2023, greiðandi er Stúdentagarðar Háskólas V hses., kt. 511022-0880. |

allt að fjárhæð:

| Fjárhæð í tölustöfum | Fjárhæð í bókstöfum |
|---|---|
| Kr. 720.000.000 | Krónur sjöhundruðogtuttugumilljónir------- |

auk vaxta, dráttarvaxta, lögbundinna vanskilaálaga, kostnaðar við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaðar, kostnaðar af fjárnámsgerð og frekari fullnustugerðum, annars kostnaðar sem af vanskilum kann að leiða, og aukagreiðslna svo sem útlagðra tryggingariðgjalda vegna hins veðsetta, er Landsbankanum hér með veðsett neðangreind fasteign, með nánar tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti, eins og að neðan getur. Veðtrygging samkvæmt tryggingarbréfi þessu nær til vaxta og dráttarvaxta án tillits til takmarkana b-liðar 5. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð.

1. Hið veðsetta:

   a) Fasteign í samræmi við neðangreint:

| Veðréttur | Veðandlag | | | | Fasteignarnúmer | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjarðarstræti 20, Ísafjarðarbæ | | | | 211-9499 | |
| Uppfærsluréttur næst á eftir veðr. | Mynt | Upphaflegur höfuðstóll | Kröfuhafi | Útgáfudagur | Tegund visitölu | Grunn-visitala |
| | | | | | | |

Veðhafa er ekki kunnugt um aðrar þinglýstar veðskuldir eða kvaðir á eigninni

2. Fasteign samkvæmt ofangreindu er veðsett ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber, allt eins og fasteign verður frekast veðsett samkvæmt 15.-20. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð, og í því ástandi sem hún er nú eða síðar kann að verða, með hvers konar endurbótum og viðaukum, hverju nafni sem nefnast. Veðréttur í eignarhluta í fjöleignarhúsi nær til þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, það er séreignar hans og tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talið eignarlóð eða leigulóðarréttindi, samanber 18. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð og 11. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
3. Veðsala er heimilt að hagnýta sjálfsvörsluveð með venjubundnum hætti, nema um annað hafi verið samið, samanber 7. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð. Veðsala er skylt að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki. Þá er veðsala skylt að vátryggja hið veðsetta vegna brunatjóns og annars skaða, á þann hátt sem lög áskilja og venja er til og nær veðsetningin til vátryggingarfjárhæðarinnar. Veðsali skuldbindur sig til þess að láta veðhafa í té, hvenær sem hann krefst þess, skilríki fyrir því að hin veðsetta eign sé vátryggð, ella er veðhafa heimilt en ekki skylt að vátryggja eignina á kostnað veðsala, og er tryggingarbréf þetta þá einnig til tryggingar greiðslu alls vátryggingarkostnaðar. Veðsala er skylt að fullnægja öllum öryggis- og eftirlitsskyldum varðandi veðið á hverjum tíma.
4. Veðsetning þessi skal standa óhögguð þó að eigendaskipti verði að hinu veðsetta, umdæmisstöfum og/eða númeri hins veðsetta verði breytt og greiðslufrestur verði veittur á þeirri skuld/skuldum sem tryggingarbréfi þessu er ætlað að tryggja einu sinni eða oftar.
5. Ef vanskil verða á skuld sem tryggð er með tryggingarbréfi þessu, eða ef aðrir veðhafar eða skuldheimtumenn ganga að hinu veðsetta til innheimtu skulda, eða ef bú útgefanda/veðsala verður tekið til gjaldþrotaskipta eða leiti þeir nauðasamninga, eða ef veðinu er ekki vel við haldið og rýrnar að mun, eða það er ekki nægilega vátryggt, eða ef eigendaskipti verða að veðinu án samþykkis veðhafa, eða ef aðrar vanefndir verða á skyldum útgefanda og/eða veðsala gagnvart veðhafa þessa tryggingarbréfs og kröfuhafa þeirra skulda sem það tryggir, er Landsbankanum sem kröfuhafa og veðhafa heimilt að gjaldfella og eindaga allar slíkar skuldir þá þegar, fyrirvaralaust og án uppsagnar.
6. Ef skuld sem tryggð er með tryggingarbréfi þessu er í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli tryggingarbréfsins, er Landsbankanum heimilt að umreikna slíka skuld í gjaldmiðil tryggingarbréfsins miðað við sölugengi bankans á gjaldfellingardegi skuldarinnar. Fjárhæð skuldarinnar, þannig umreiknuð í gjaldmiðil tryggingarbréfsins er þá tryggð með tryggingarbréfinu, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar.
7. Falli skuld, sem tryggingarbréf þetta tryggir, í gjalddaga og eindaga af einhverjum framangreindum ástæðum, er Landsbankanum sem kröfuhafa og veðhafa heimilt að nýta sér veðtryggingu sína samkvæmt tryggingarbréfi þessu og láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til lúkningar skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, í samræmi við ákvæði 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
8. Útgefandi greiðir þinglýsingargjald vegna tryggingarbréfs þessa.

9. Rísi mál vegna veðsetningar þessarar eða skuldar sem henni er ætlað að tryggja, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10. Undirritaður veðsali, ef hann er einstaklingur, lýsir því hér með yfir að undirskriftir á tryggingarbréf þetta eru í fullu samræmi við ákvæði 1. mgr. 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, að því er varðar hjúskaparstöðu hans, bústað fjölskyldu og húsnæði fyrir atvinnurekstur hjóna.

11. Með undirritun sinni á tryggingarbréf þetta staðfestir veðsali, ef hann er ekki jafnframt útgefandi, að hafa undirritað ábyrgðarsamning við Landsbankann í samræmi við 6. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, enda sé gerð krafa um gerð slíks samnings samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga.

12. Til staðfestu öllu ofangreindu eru nöfn útgefanda, veðsala og maka veðsala (ef við á), undirrituð í votta viðurvist:

Ísafjörður 01.02.23

Staður og dagsetning

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði útgefanda

F.h. Stúdentagarða Háskólas V hses.

Sævar Þór Ríkharðsson
Kt. 210771-4099

Nafn Kennitala

Sóley Arórsd 060278-2079

Nafn Kennitala

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar

Samþykkur ofangreindri veðsetningu sem þinglýstur eigandi (ef annar en útgefandi)

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði þinglýsts eiganda

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala



Ebl. 8222-03